

ORKUSJÓÐUR

Orkusjóður auglýsir styrki til uppbyggingar á hraðhleðslustöðvum fyrir rafbíla

Ríkisstjórn Íslands hefur lagt fram aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Markmiðið með áætluninni er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að aukinni kolefnisbindingu þannig að Ísland geti staðið við markmið Parísarsamningsins til 2030 og markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi árið 2040. Eitt af áhersluatriðum áætlunarinnar eru orkuskipti í samgöngum sem er stærsti losunarþátturinn sem snýr að beinum skuldbindingum Íslands.

Því er ráðist í átaksverkefni með það að markmiði að fjölga aflmiklum hraðhleðslustöðvum (DC) þar sem þörfin er mest til að tryggja hindrunarlausan akstur á langferðum.

Við úthlutun styrkja verður miðað við að:

- Verkefnið leiði til uppsetningar á aflmeiri stöðvum en fyrir eru og styttri þar með hleðslutíma.
- Verkefnið bæti aðgengi og hleðsluhraða fyrir lengri ferðir rafbíla. Sérstaklega skal þar horft til uppsetningu stöðva þar sem umferð milli svæða er hvað mest.
- Verkefnið mæti þörfum bílaleigubíla og flýti þannig innleiðingu rafbíla í ferðaþjónustu.
- Rekstur þeirra hleðslustöðva sem styrktar verða skal tryggður í a.m.k. 3 ár.
- Greiðslufyrirkomulag á stöðvum verði opið öllum án skuldbindinga.
- Þegar fleiri en einn sækir um uppsetningu stöðva á sama stað, þá er sá umsækjandi valinn sem býður lægsta kostnað við uppsetningu.
- Við uppsetningu hleðslustöðva verði hugað að aðgengi fatlaðra

Til úthlutunar eru 200 milljónir króna. Eingöngu eru veittir fjárfestingarstyrkir og geta styrkir hæst numið 50% af áætluðum kostnaði verkefnis.

Umsóknarfrestur er til 15. ágúst 2019.

Rafrænar umsóknir sendist um þjónustugátt af vef www.os.is

Staðfesting á afgreiðslu umsókna mun berast umsækjendum eigi síðar en 15. október 2019

Nánari upplýsingar fást hjá Orkusjóði, Rangárvöllum við Hlíðarfjallsveg, 603 Akureyri.
Sími: 569 6083. Netfang: jbj@os.is.